

## Opinn skólaráðsfundur 23.04.2024

Snælandsskóli

- Mættir: Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir (fulltrúi foreldra), Anna Halldórsdóttir (fulltrúi foreldra), Björn Gunnarsson (kennari), Gréta Bentsdóttir (fulltrúi kennara), Halldór Gauti Tryggvason (fulltrúi nemenda), Brynjar M. Ólafsson (skólastjóri), Kjartan Haraldsson (ritari) og gestir.
- Skólaráðsfundurinn var opinn foreldrum.
- 
- Skólastjóri fór yfir niðurstöður í Skólapulssins. Snælandsskóli kemur vel út í virkni nemenda í skólanum, það er alltaf hægt að gera betur og jafnvel bæta suma þætti. Það er mikil ánægja í lestri skv. mælingum og ber að þakka Guðmundu á bókasafninu og kennurum fyrir þeirra góða starf. Nemendur skólans virðast hafa góða trú á eigin námsgetu og færri eiga snjallsíma en í öðrum skólum. Þegar kemur að líðan og heilsu nemenda þá mælist einelti undir landsmeðaltali en í þessu málafllokki þá skiptir mála að vera í stöðugu forvarnarstarfi. Flestir nemendur nefna í opnum svörum að áhyggjur og stress sem þeir segjast stundum finna fyrir tengist þeirra persónulega lífi, þau hafa t.d. áhyggjur af veikindum fjölskyldumeðlima, tómstundum, ferðalögum og fl. Það mælist meiri óánægja með matinn en gengur og gerist, óánægjan virðist í opnum svörum tengjast magni af fiskmáltíðum og skorti á frönskum kartöflum og skyndibita. Þegar kemur að skóla- og bekkjaranda þá er virk þátttaka í tímum og tíðni leiðsagnarnáms undir landsmeðaltali (það er þó aukning frá september) enda höfum við verið að vinna í þessum þáttum í vetur, bæði stjórnendur og kennarar.
- Skólastjóri fór einnig yfir niðurstöður rannsóknar frá Rannsókn og greiningu. Þar kemur fram að lítill hluti stúlkna og drengja meta andlega heilsu sína góða og færnum finnast þeir nánin hverjum einstaklingi. Skólinn hefur kynnt fyrir nemendum í 9. og 10. bekkjar þann möguleika að fá að hitta sálfræðing skólans, möguleiki sem fer í gegnum námsráðgjafa skólans. Í rannsókninni kemur einnig fram að drykkja orkudrykkja hefur aukist og svefn nemenda minnkað. Skólastjóri fór stuttlega yfir niðurstöður fyrir miðstig, þar komu fram nokkur atriði, eins og það að nemendur telja sig eiga marga vini, lestur kemur þar aftur vel út og færri virðast vera mikið í tölvuleikjum en í öðrum skólum í Kópavogi.
- Skólastjóri ræddi um 50 ára afmæli Snælandsskóla sem verður í haust, vikuhátíð sem haldin verður á mánaðarmótum október og nóvember. Hann nefndi að það væru komin drög að dagskrá og ýmsar hugmyndir í gangi. Það þarf að skoða aðkomu foreldrafélagsins. Fulltrúi foreldra ætlar að ræða málefnið á fundi foreldrafélagsins.
- Skólastjóri tilkynnti þær breytingar að næsta vetur muni skólinn byrja 8.30 á morgnana. Skólastjórnendur eru að bregðast við óskum nemenda og nærsamfélagsins. Flestir skólar í Kópavogi byrja á þessum tíma. Það verður vakt á morgnana fyrir yngstu nemendur skólans frá 8.00 og verður fyrirkomulagið endurmetið eftir þörfum þegar reynsla er komin á það næsta vetur.
- Rætt var um breytingar á kennurum og starfsfólki næsta vetur, það verða nokkrar breytingar.
- Loks fór skólastjóri yfir fyrirhugaðar framkvæmdir á skólabyggingunni. Klifurveggurinn er tilbúinn og mikil ánægja nemenda með hann. Skipt var um nokkra glugga í vetur vegna raka og myglu á einum glugga sem afmarkaðist við tréverk gluggans í einni geymslu skólans. Í sumar á að skipta um fleiri glugga, mála hluta skólans að utan, skipta um gólfefni í IGLÓ og þak á matsalnum. Foreldri sem var gestur á fundinum spurði um nýtingu skólans á gamla íþróttasalnum og hvort það væru í framtíðarplönunum að nýta það svæði betur. Skólastjóri tjáði fundinum að það málefni væri í ferli.
- Önnur mál: Það spunnust umræður um hljóðkerfið í matsalnum, um endurnýjun á míkrafónum, nýtingu rýmis á miðstigi og rými til skapandi skila.